

54

6. gr.

29. marz

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 1 21. janúar 1944, að svo miklu leyti sem þau fjalla um kennslukvikmyndir.

Gjört i Reykjavík, 29. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

55

L Ö G

29. marz

um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist jarðhitasjóður. Hann er eign ríkisins, sem ber ábyrgð á skuldbindingum hans.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. fé það, sem veitt er á fjárlögum hverju sinni,
 - b. vextir af fé sjóðsins,
 - c. tekjuafgangur, er kann að verða hjá jarðborunum ríkisins, þar með talinn endurgreiddur kostnaður af leit og borunum, sbr. 2. gr.
- Jarðhitasjóður má taka að láni allt að kr. 50000000.00 til starfsemi sinnar.

2. gr.

Úr jarðhitasjóði má verja fé til rannsókna á eðli og uppruna jarðhita, til leitar að jarðhita með jarðfræðilegum, jarðeðlisfræðilegum og öðrum vísindalegum aðferðum, til rannsókna og tilrauna við vinnslu jarðhita o. fl.

Úr jarðhitasjóði skal greiða kostnaðarhluta ríkisins af jarðborunum, samkv. 3. og 4. gr.

Þegar ráðizt er í framkvæmdir til hagnýtingar þess jarðhita, sem fundizt hefur við leit samkv. fyrstu málsgrein, eða unninn með borunum skv. 3. gr. og 4. gr., skal telja með stofnkostnaði mannvirkjanna þann hluta leitar- og borunarkostnaðar, sem greiddur hefur verið úr jarðhitasjóði eða ríkissjóði, og endurgreiða hann í jarðhitasjóð með áföllnum vöxtum.

3. gr.

Ríkið lætur framkvæma jarðboranir eftir heitu vatni og gufu í rannsóknarskyni og til vinnslu víðs vegar um landið til hagnýtingar jarðhitans í hitaveitum til almenningsþarfa og til ræktunar, raforkuvinnslu og iðnaðar.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum frá jarðhitadeild raforkumálastjórnar, hvar borað er, en jafnan skal láta sitja í fyrirrúmi borun á þeim stað, eða þeim stöðum, þar sem vænta má, að verðmæti jarðhitans verði mest og komi fyrst að notum.

4. gr.

55

29. marz

Með jarðborum ríkisins má jafnframt framkvæma jarðboranir fyrir sveitarfélög og einstaklinga, sem óska þess, eftir því sem því verður við komið og gegn greiðslu borkostnaðar. Ráðherra getur ákveðið, að hluti borkostnaðar sé eigi greiddur fyrir en mannvirkjagerð hefst til notkunar þess jarðhita, sem borað er eftir. Um þetta skal gerður samningur hverju sinni.

5. gr.

Raforkumálastjóri annast stjórn jarðhitasjóðs og reikningshald undir yfirumsjón ráðherra. Jarðhitadeild gerir árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn, og skal hún send ráðherra svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Greiðslur úr sjóðnum skal inna af hendi samkvæmt fjárhags- og greiðsluáætlun, er ráðherra hefur samþykkt, eða að fenginni heimild ráðherra í hvert sinn.

Jafnan skal leita umsagnar raforkuráðs um allar greiðslur úr sjóðnum og framkvæmdir, er sjóðnum er ætlað að veita fé til.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

56

29. marz

um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Árið 1961 skulu vinningar í happdrættum eftirtalinna félaga vera undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti:

Styrktarfélags vangefinna,
Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra,
Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.